

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á opnum tollkvótum á svínakjöti.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðauka IV A, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg	
<b>Tollskrárnúmer:</b>					
<i>Svínakjöt, fryst:</i>					
-- Annað:					
ex0203.2902	Annað - svínasiður með beini	15.05.12 - 31.08.12	ótilgreint	0	144
ex0203.2909	Annað - svínasiður beinlaust	15.05.12 - 31.08.12	ótilgreint	0	182

## 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. ágúst 2012.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 25. apríl 2012.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Ása Þórhildur Þórðardóttir.*